

ÞVERÁRNÁMA, EYJAFJARÐARSVEIT

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að helstu neikvæðu áhrif efnistöku í Þverárnámu séu áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Náman er staðsett í þéttbýlli sveit og sýnileg frá mörgum bæjum í grenndinni og einnig frá tilteknum köflum þjóðvega, en að mörgu leyti eru þessi neikvæðu áhrif komin fram, þar sem efnistaka hefur verið stunduð á svæðinu í áratugi. Neikvæðustu sjónrænu áhrifin eru eðli málsins samkvæmt af þeim kosti sem gerir ráð fyrir að stærstu óröskuðu svæðunum verði raskað, þ.e. kosti I en neikvæð sjónræn áhrif af hinum kostunum tveimur verða minni. Þá telur stofnunin að fyrir liggja að unnt verði að halda hljóðstigi frá malara undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða, með viðeigandi mótvægisáðgerðum, óháð valkostum, þannig að áhrif á hljóðstig vegna mölunar verði ekki veruleg.



Skipulagsstofnun

Reykjavík, 15. maí 2014

1 INNGANGUR

ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 27. febrúar 2013 sendi Verkfræðistofa Norðurlands, f.h. Þverár-Golf ehf., frummatsskýrslu um efnistöku úr Þverárnámu í Eyjafjarðarsveit til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 6. mars 2013 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Dagskránni. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 6. mars til 17. apríl 2013 á skrifstofu og bókasafni Eyjafjarðarsveitar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.vn.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagna Eyjafjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnir til framkvæmdaraðila að kynningartíma loknum.

Þann 25. mars 2014 sendi Verkfræðistofa Norðurlands, f.h. Þverár-Golf ehf, matsskýrslu um efnistöku úr Þverárnámu í Eyjafjarðarsveit til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við undirbúning þessa álits var farið á vettvang á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Þverárnáma í Eyjafjarðarsveit. Febrúar 2013.

Umsagnir bárust frá:

- Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 30. apríl 2013.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 19. mars 2013.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 3. apríl 2013.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. mars 2013.

Athugasemdir bárust frá:

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

Matsskýrsla: Þverárnáma í Eyjafjarðarsveit. Mars 2014.

3 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að efnistaka hafi verið á Þveráreyrum, í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit, allt frá miðri síðustu öld. Áætlað sé að á námusvæðinu sé búið að taka um 700.000 m³ og um 55.000 m³ úr árfarvegi Þverár. Tilgangur með áframhaldandi efnistöku sé að mæta efnisþörf til mannvirkjagerðar og jafnframt skapa atvinnu og afkomugrundvöll fyrir eigendur og ábúendur. Markmiðið sé að efnistakan fari fram í sem mestri sátt við umhverfi og samfélag. Fram kemur að aðalvalkostur framkvæmdaraðila, kostur I, sé um 590.000 m³ efnistaka á 21 ha (210.000 m²) svæði næstu 10-30 árin. Kostur II felist í því að vinna efni úr námunni innan marka sem henni voru dregin í aðalskipulagi og deiliskipulagi árið 2008 í tengslum við skipulagningu iðnaðarsvæðis vestan og vestast á námusvæðinu, en skv. því verði áframhaldandi vinnsla næstu 5-20 árin á 14,5 ha (140.500 m²) svæði og gert ráð fyrir allt að 360.000 m³ efnistöku.

Fram kemur að kostur I felist í því að áfram verði unnið af svæðum A, B, C, D, E, I, K og M og að auki bætist við fimm ný svæði, alls um 6 ha að stærð (svæði F, G, H, J og L). Vinnsluáætlun miði að því að minnka umfang námunnar, jafnframt því að hafa aðgang að fjölbreyttu efni. Fram kemur að nú séu opin svæði um 16 ha, þ.e. röskuð svæði í vinnslu og svæði sem unnið sé að frágangi á. Stærð opinna svæða muni á yfirstandandi ári minnka niður í um 10 ha og haldast nálægt þeirri stærð fram á lokastig námunnar en þá sé gert ráð fyrir að naman verði 7 ha að stærð. Gert sé ráð fyrir að ljúka fyrst efnistöku og frágangi á suðurhluta svæðisins, svæði K og M. Samhliða þessari efnistöku verði svæði B og C unnin áfram og svæði F unnið til austurs en eftir að svæði F verði fullunnið verði efnistakan aðallega á svæðum G, H og I og á lokastigi námunnar verði lokið vinnslu og frágangi á svæðum B, C og D. Fram kemur að á meðan á vinnslu annarra svæða standi verði svæði I notað sem haugstæði og fyrir efnisvinnslu, mölun, hörpun og blöndun og sé staðsetning efnisvinnslutækja hagstæðust austarlega á því svæði m.t.t. hljóðdreifingar. Svæði L, sem sé syðst á svæðinu og sunnan við núverandi efnistöku, verði unnið í einu lagi, þ.e. ýtt verður ofan af, efni fjarlæggt, haugsett eða flutt burt og gengið frá svæðinu á fáum mánuðum. Svæði J, sem sé leirnáma, verði unnið í einum áfanga.

Fram kemur að vinnsluáætlun og áfangaskipting fyrir kost II, sem geri ekki ráð fyrir nýjum svæðum, verði sambærileg við kost I, þ.e. naman verði unnin frá suðri til norðurs og frá vestri til austurs en stærð námunnar á lokastigi verði nokkru minni en gert er ráð fyrir í kosti I.

3.1 Frágangur

Fram kemur í matsskýrslu að á hluta eldri svæða verði unnið dýpra en þegar hafi verið gert eða að hluta til niður fyrir jarðvatnsyfirborð og muni myndast lítil vötn eða tjarnir sem ná yfir nokkurn hluta þessara svæða. Framkvæmdaraðili telur að þessi vötn eða tjarnir, sem verði hluti af landmótun og frágangi svæðisins muni ekki brjóta í bága við eða koma í veg fyrir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Fram kemur að á svæðum sem ekki hafa verið unnin áður verði efsta lagi jarðvegs ýtt ofan af áður en vinnsla hefjist og jafnað yfir svæðið að efnistöku lokinni, jafnóðum og svæðið vinnist. Svarðlagi verði haldið aðskildu frá annarri ofanýtingu þar sem því verði komið við, þ.e. svæði L og hluti svæðis H. Reynt verði að láta sem stystan tíma líða milli ofanýtingar og frágangs. Fram kemur að fláar að túnnum og grónu landi verði græddir upp þannig að gróður verði sem líkastur aðliggjandi svæði. Ekki sé ætlunin að fláar að lítt eða ógrónum svæðum verði græddir upp en yfirborðslagi verði jafnað yfir þar sem tøk eru á. Á svæðum M og K sé talsverður jarðvegur sem verði jafnaður út og svæði J formað þannig að ávalar línur þverárhöfða haldist. Á þeim hluta námugólfsins sem ekki sé til staðar yfirborðslag til að ýta yfir verði botninn sléttaður og smáhrýfður og hafi reynslan sýnt að fljótlega komi talsverður gróður á slík svæði. Fram kemur að frágangslýsing hér að ofan eigi bæði við kosti I og II.

Í umsögn Eyjafjarðarsveitar kemur fram að stækkun námusvæðis skv. kosti I verði ekki 50% miðað við núverandi aðstæður, þ.e. röskun á 7 ha svæði. Frágangur og lokun svæða sé ekki tímasett og vinnslutími námunnar áætlaður fram á miðja 21. öld. Þetta þýði í raun nánast sömu og jafnvel aukna sjónmengun næstu áratugi og sé óásættanlegt. Kostur I í frummatsskýrslu sé því hafnað. Kostur II, með hugsanlega einhverjum viðbótum, eins og svæði E, sem þegar hafi verið raskað, sé líklegur til samþykkis með fyrirvara um vinnsludýpt einstakra svæða, efnismagn og fjarlægð frá árfarvegi. Fyrirvari sé settur við áform um frágang á svæði A.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði um að ræða stækkun efnistökusvæðis að flatarmáli um nær ekki 50% miðað við núverandi aðstæður skv. kosti I og röskun á viðbótarsvæði ná ekki 7 ha og sé það svæði ekki allt ósnortið. Erfitt sé að gera áætlanir um hve lengi vinnslan komi til að standa yfir, en miðað við reynslu af rekstri námunnar er áætlað að vinnsla samkvæmt kosti I standi yfir í 10 – 30 ár. Samkvæmt áætluninni minnki opið svæði námunnar úr um 16 ha í um 10 ha og haldist u.þ.b. í þeirri stærð fram á lokastig vinnslu og muni sjónræn áhrif minnka eftir því sem líður á vinnslutímann, en þyngdarmiðja vinnslusvæðisins færir til austurs samkvæmt vinnsluáætlun fyrir kost I.

Framkvæmdaraðili bendir á að þessi afstaða Eyjafjarðarsveitar hafi verið ítrekuð í skilmálum sem sveitarfélagið hefur sett fyrir deiliskipulagningu námunnar. Fyrirkomulag sem Eyjafjarðarsveit heimilar að verði sett í skipulag liggur innan marka sem eru dregin um kost I og er millistig milli kosts I og kosts II. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi sé gert ráð fyrir efnistöku á um 18 ha (180.000 m²) svæði, samtals um 410.000 m³. Framkvæmdaraðili hefur ekki fallið frá kosti I en er bundinn af skilmálum skipulags.

Skipulagsstofnun bendir á að að tillaga að ofangreindu deiliskipulagi hefur verið auglýst og samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar. Tillagan er fylgiskjal með matsskýrslu og þar er gerð grein fyrir fyrirkomulagi því sem lýst er hér að ofan um alls 410.000 m³ efnistöku á 18 ha svæði. Hér er því um efnistöukost að ræða sem er á milli valkosta I og II hvað magn efnis og stærð svæðis varðar. Skipulagsstofnun mun fjalla um umhverfisáhrif þessa valkosta ásamt áhrifum kosta I og II á hina mismunandi umhverfisþætti sem eru til umfjöllunar í köflum 4.1 til 4.7 í þessu álit.

Aðrir kostir, kostur III

Fram kemur að þverá beri jafnan fram efni og leggi undir sig þegar kemur niður á flatlendið. Þegar efni fylli í farveginn leggist áin í bakkana og grafi efni úr þeim. Við þær aðstæður sé hætta á að hún fari úr farvegi sínum. Kostur III felist í því að útbúa þverun (stíflu) í ánni með ræsum og yfirfalli og lón þar ofan við sem efni safnist í og væri tekið efni úr lóninu. Framkvæmdaraðili hefur hins vegar, með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismatsins, fallið frá fyrirætlunum sínum um efnisnám samkvæmt kosti III.

3.2 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Skipulagsstofnun gaf út leiðbeiningar árið 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Þar er greint frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg, síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Í þessu álit notar Skipulagsstofnun að mestu leyti vægi áhrifa með vægiseinkunnum á sama hátt og gert er í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 sem uppfærðar voru 2012, um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkunn sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð eða nokkuð jákvæð sem væri þá millistig á milli talsvert neikvæðra/jákvæðra áhrifa og óverulegra áhrifa. Hér væri þá yfirleitt um að ræða staðbundin áhrif sem næðu ekki yfir umfangsmikið svæði og áhrifasvæðið nyti ekki verndar eða væri á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum, en áhrifin gætu verið varanleg og óafturkræf. Skipulagsstofnun notar hér hugtakið nokkuð neikvæð við mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið.

4 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag

Í matsskýrslu kemur fram að annars vegar hafi verið lagt mat á bein áhrif á landslag af völdum efnistökkunnar. Hins vegar sé fjallað um sjónræn áhrif efnistökkunnar á aðliggjandi svæði. Við mat á beinum áhrifum á landslag hafi verið horft til sérstöðu og/eða fágætis landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði þess. Fram kemur að við mat á áhrifum á sjónræna þætti hafi áhersla verið lögð á að greina útlit landslags eftir efnistökkuna frá stöðum þar sem vænta megi að fólk sé viðkvæmt fyrir breytingum (náttúruskoðun og útivist, gönguleiðir, sérstök svæði til útiveru) eða þar sem breytingin hafi áhrif á marga. Varðandi mat á sjónrænum áhrifum hafi sýnileiki námunnar verið kannaður frá allmörgum bæjum, íbúðarhúsum og fyrirhuguðum byggingarsvæðum með því að athuga hversu stór hluti námunnar og hvaða svæði sæjust frá hverjum stað. Fram kemur að í 4 km fjarlægð séu sjónræn áhrif námunnar orðin hverfandi þótt ekki beri leiti á milli. Náman sé mest áberandi frá allnokkrum bæjum austan og vestan Eyjafjarðarar og frá Eyjafjarðarbraut eystri á

stuttum kafla en sést ekki eða er lítið áberandi á mestum hluta hennar. Þá sé sýnileiki námunnar lítill frá Eyjafjarðarbraut vestri. Við gerð vinnsluáætlunar hafi verið leitast við að takmarka sýnileika námunnar með þeim hætti að ljúka fyrst vinnslu á núverandi suðurhluta og vinna síðan vesturhlutann sem sjáist hvað víðast að. Fram kemur að bein áhrif stækkunar Þverárnámu nái ekki yfir umfangsmikið svæði. Sýnileiki námunnar eins og hún sé núna sé töluverður en ekki sé gert ráð fyrir að stækkun námunnar verði jafn áberandi og eldra vinnslusvæðið. Gert sé ráð fyrir því að fyrst verði gengið frá þeim hlutum námunnar sem séu flestum sýnilegir. Fram kemur að í nágrenni námunnar sé þéttbýl sveit og naman sýnileg frá allmörgum bæjum. Að mati framkvæmdaraðila eru neikvæð sjónræn áhrif af efnistöku talsverð, varanleg og óafturkræf en áhrifin séu hins vegar að mestu leyti komin fram nú þegar og stækkun námunnar bæti þar litlu við.

Í umsögn Eyjafjarðarsveitar kemur fram að í fylgiskjali um sýnileika námunnar séu taldir upp 60-70 bæir auk skipulagðra íbúðarsvæða. Samt sé sýnileikinn vanmetinn frá a.m.k. tveimur bæjum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reynt hafi verið að hafa alla þá bæi og íbúðarsvæði, þaðan sem yfir höfuð sæist til námunnar, með í nefndu fylgiskjali eða alls um 90 – 100 staði. Eins og kemur fram í umsögn Eyjafjarðarsveitar séu sjónræn áhrif vantalin bæði frá Syðri-Hól og Þórustöðum og hafi verið gerðar lagfæringar á viðkomandi gögnum og séu sjónræn áhrif fyrir Syðri-Hól og Syðri-Hól 2 talin nokkuð neikvæð.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif efnistöku í Þverárnámu verði áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Naman er staðsett í þéttbýlli sveit og sýnileg frá mörgum bæjum í grenndinni og einnig frá tilteknum köflum þjóðvega. Efnistaka hefur farið fram á svæðinu um áratuga skeið og því liggur fyrir að þessi neikvæðu áhrif eru þegar að einhverju leyti komin fram. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif kosts I verði talsvert neikvæð þar sem fyrirhugað er að taka meira land undir efnistöku og vegna þess að naman sést víða að. Sjónræn áhrif þeirrar útfærslu sem Eyjafjarðarsveit er tilbúin að samþykkja og unnin hefur verið tillaga að deiliskipulagi að, verða nokkuð neikvæð þar sem stækkun námunnar, miðað við núverandi aðstæður, er nokkuð minni en skv. kosti I. Eðli málsins samkvæmt munu neikvæð sjónræn áhrif af kosti II verða minnst þar sem samkvæmt þeim kosti verður ekki ráðist í efnistöku á nýjum svæðum. Skipulagsstofnun telur að leggja eigi allt kapp á að takmarka sýnileika námunnar með frágangi svæða jafnskjótt og efnistöku er lokið á viðkomandi svæði. Skipulagsstofnun leggur ríka áherslu á að staðið verði við frágangsaætlun vegna kosta I og II, sem gert er grein fyrir á bls. 3 og 5 í þessu álit. Jafnframt verði staðið við vinnslu- og frágangsaætlun vegna útfærslu efnistökkunnar, sem Eyjafjarðarsveit hefur lagt til, samanber fyrrnefnda, samþykka tillögu að deiliskipulagi, sem er fylgiskjal með matskýrslunni.

4.2 Áhrif á jarðmyndanir

Fram kemur að Þverárnáma sé í efri hluta árkeilu Þverár ytri. Efnistaka hafi farið fram á svæðinu í langan tíma og búið að taka talsvert magn af þessum lausa framburði sem myndi árkeiluna. Ljóst sé að núverandi vinnsla og fyrirhuguð vinnsla efnis úr námunni raski ekki jarðmyndunum sem njóti sérstakra verndar samkvæmt 37. grein náttúruverndarlaga og svæðið sé ekki á náttúruminjasrá. Að mati framkvæmdaraðila verði áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir talsvert neikvæð miðað við upphaflegt ástand. Mikill hluti þessara áhrifa sé hins vegar þegar kominn fram vegna fyrri efnistöku og séu varanleg og óafturkræf. Þau viðbótaráhrif sem kostir I og II hafi í för með sér séu aftur á móti óveruleg og eigi þessi niðurstaða einnig við um þá útfærslu sem gert sé ráð fyrir að verði samkvæmt deiliskipulagi því sem Eyjafjarðarsveit sé tilbúin að samþykkja, enda um að ræða efnistökuvalkost sem sé á milli valkosta I og II hvað magn efnis og stærð svæðis varðar.

Skipulagsstofnun getur tekið undir þau atriði sem koma fram hér að ofan um að þar sem búið er að taka efni um langan tíma á svæðinu séu neikvæð áhrif á jarðmyndanir, þ.e. laus framburðaeefni í árkeilu, að miklu leyti komin fram. Ekki er um að ræða jarðmyndanir sem njóta verndar og telur stofnunin að frekari efnistaka sem er fyrirhuguð, komi ekki til með að hafa verulega neikvæð áhrif á þessar jarðmyndanir, burtséð frá valkostum.

4.3 Áhrif á neysluvatn

Fram kemur að í námunni séu ekki geymdar eldsneytisbirgðir umfram það sem sé á eldsneytistöku einstakra vinnuvéla. Úrgangsolía eða önnur spilliefni verði ekki geymd í námunni og ekki sé gert ráð fyrir losun mengandi efna eða skólps í námunni. Mögulegur mengunarvaldur vatns sé fyrst og fremst olía sem læki af vélum á svæðinu, líklegast af einni vél en vinnuvélum verði vel viðhaldið til að draga úr líkum á slíku óhappi. Líkur á stóru mengunarslysi séu hverfandi.

Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til að óttast að hætta verði á vatnsmengun af völdum olíu sem geti lekið af vinnuvélum sem notaðar verða við fyrirhugaða efnistöku en leggur að sjálfsögðu áherslu á gott viðhald vinnuvélna og að fyrir liggi viðbraðgsáætlun komi til þess að olía leki í einhverju mæli út í umhverfið.

4.4 Áhrif á hljóðvist

Fram kemur að efni hafi verið malað í Þverárnámu í talsverðu mæli undanfarin ár og hafi mölunarbúnaði að jafnaði verið stillt þannig upp að efnishaugar myndi hljóðskerm. Í umsögnum sumarhúsaeigenda á Þverá kemur fram að hávaði frá malarvinnslu hafi ekki verið vandamál. Fram kemur að hávaðadreifing frá mölunarbúnaði í námunni hafi verið könnuð miðað við nokkrar staðsetningar malara og endanlega reiknuð út miðað tvær mismunandi staðsetningar í námunni. Reiknað hljóðstig miðað við uppstillingu B, sem sé ofarlega í námunni við vinnslustál, sé yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða við þrjú orlofshús suðaustur af Þverárbænum. Til að hljóðstig við húsin verði undir mörkum reglugerðar þurfi að hækka vinnslustálið um einn metra eða að koma fyrir eins meters háum hljóðtálma á bakka þess. Fram kemur að reiknað hljóðstig miðað við fyrirhugaða framtíðarstaðsetningu malara á svæði D, sem sé á svæði norðvestanvert undir Þverárhöfða sé innan marka reglugerðar, með einni undantekningu þó. Á hluta óbyggðs svæðis sem ætlað sé til frístundabyggðar samkvæmt aðalskipulagsupprætti, sé reiknað hljóðstig yfir viðmiðunarmörkunum. Þegar svæðið verði byggt upp sé nauðsynlegt að ráðast í mótvægisáðgerðir við þessi orlofshús til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji að þar sem hljóðstig við fyrirhugaðar staðsetningar malara með mótvægisáðgerðum verði innan marka reglugerðar verði áhrif á hljóðvist óveruleg. Þetta á jafnt við hvort sem um kost I eða kost II að ræða eða þá útfærslu sem gert er ráð fyrir að verði samkvæmt skipulagi því sem Eyjafjarðarsveit er tilbúin að samþykkja enda er þar um að ræða efnistökuvalkost sem er á milli valkosta I og II hvað magn efnis og stærð svæðis varðar.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi að unnt verði að halda hljóðstigi vegna grjótmölunar undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða, með viðeigandi mótvægisáðgerðum óháð valkostum þannig að áhrif á hljóðstig vegna mölunarinnar verði ekki veruleg. Þetta á bæði við staðsetningu malara á svæði B austarlega í námunni og á því svæði þar sem fyrirhugað er að staðsetja grjótmalarann í framtíðinni, þ.e. norðvestan við Þverárhöfða.

4.5 Áhrif á gróðurfar

Fram kemur ekki sé hægt að segja að svæðið hafi sérstöðu hvað varðar tegundafjölbreytni gróðurs. Ekki hafi fundist tegundir sem séu friðlýstar eða á valista. Efnistakan muni hafa áhrif á mosagróin svæði og grónar malareyrar og vallendi sem hafi verið beitarhólf. Líklegt sé að gróður verði með öðrum blæ eftir framkvæmdir en fyrir vegna meiri jarðraka á sumum svæðum. Áhrifin á þessum svæðum séu því að hluta óafturkræf og þar með varanleg en ekki endilega neikvæð. Með hliðsjón af einkennum áhrifa og stærðar svæðis sé það mat framkvæmdaraðila að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg. Þetta á jafnt við hvort sem um kost I eða kost II að ræða eða þá útfærslu sem gert er ráð fyrir að verði samkvæmt skipulagi því sem Eyjafjarðarsveit er tilbúin að samþykkja.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggi að ekki verði um það að ræða að mikilvægur gróður, friðlýstar plöntur eða plöntur á valista raskist við fyrirhugaðar framkvæmdir. Engu að síður mun gróður raskast á nokkurra hektara svæði við efnistöku skv. kosti I og verða nokkuð neikvæð áhrif því ekki umflúin. Hins vegar er ljóst að gera má ráð fyrir að að efnistöku lokinni muni gróður svæðisins færast í sem

næst upprunalegt horf ef staðið verður að frágangi efnistökusvæða eins og lýst er á bls. 3 í þessu álit. Heldur minna svæði raskast vegna þeirra útfærslu á efnistöku sem Eyjafjarðarsveit er tilbúin að samþykkja og fyrirséð að lítil sem engin röskun verður á gróðri vegna efnistöku skv. kosti II.

4.6 Áhrif á fugla

Fram kemur að starfsmaður Náttúrustofu Norðausturlands hafi skoðað námuna síðla sumars 2011 m.t.t. fugla. Vestast og syðst á námusvæðinu sé hugsanlegt að einhverjar mófuglategundir verpi, s.s. þúfutittingur og sandlóa en það verði að teljast ólíklegt að þar sé mikið varp. Tjörninn næst Moltu sé greinilega lífrík og dragi að sér fugla, m.a. noti endur tjörnina til að ala upp unga og hafi tjarnir á svæðinu því jákvæð áhrif á fuglalíf og muni auka á tegundafjölda. Þá hafi Þveráreyrar greinilega talsverða þýðingu fyrir stormmáf, sem sé á valista vegna stofnsmæðar og sæki í að verpa á opnu svæði. Fram kemur að kostur I hafi litlu neikvæðari áhrif á fuglalíf en kostur II þar sem stækkun námusvæðis sé inn á svæði sem séu ekki auðug af fuglalífi og stormmáfur hafi ekki verpt á þeim. Báðir kostirnir, auk þeirrar útfærslu sem gert sé ráð fyrir að verði samkvæmt skipulagi því sem Eyjafjarðarsveit sé tilbúin að samþykkja, hafi líklega neikvæð áhrif á stormmáf. Erfitt sé þó um það að segja því stormmáfsvörp stækki og minnki án sýnilegrar ástæðu. Aðrir fuglar á valista eða sjaldgæfir fuglar á lands- eða héraðsvísu hafi ekki verpt á svæðinu svo vitað sé. Þessi neikvæðu áhrif verði þó óveruleg að mati framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili muni takmarka umferð um námasvæðið á varptíma við vinnslusvæðið eins og það er á hverjum tíma.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að allir valkostir komi líklega til með að hafa neikvæð áhrif á varp stormmáfa sem eru á valista. Mikilvægt er að takmarka umferð um námusvæðið á varptíma við vinnslusvæðið eins og það er á hverjum tíma. Stofnunin telur að skv. framlögðum gögnum sé ekki líklegt að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði veruleg á aðrar fuglategundir, þó að búast megi við að fuglar í námunni og í grennd við hana verði fyrir einhverri búsvæðaröskun og truflun á vinnslutíma.

4.7 Áhrif á menningarmínjar

Í matsskýrslu kemur fram að haustið 2011 hafi áætlað áhrifasvæði Þverárnámu verið deiliskráð vegna fornleifa. Við deiliskráningu hafi engar vísbendingar um fornleifar fundist innan marka námunnar. Innan 100 m áhrifasvæði hennar hafi hins vegar verið skráðir fimm staðir, þó ekki sé fullvíst að þeir ættu allir að teljast til fornleifa samkvæmt lögum. Fram kemur að allir staðirnir séu í suðausturhorni áhrifasvæðisins og þannig staðsettir að ekki sé tilefni til að ætla að þeir geti orðið fyrir raski vegna efnistökkunnar. Framkvæmdirnar hafi því engin bein áhrif á fornleifar.

5 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdir samkvæmt öllum valkostum eru í samræmi við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025.
- Fyrir liggur nýsamþykkt deiliskipulag af námunni sem gerir ráð fyrir allt að 410.000 m³ efnistöku á 18 ha svæði.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

6 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu framkvæmdaraðila sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif efnistöku í þverárnámu séu áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Náman er staðsett í þéttbýlli sveit og er sýnileg frá mörgum bæjum í grenndinni og einnig frá tilteknum köflum þjóðvega, en að mörgu leyti eru þessi neikvæðu áhrif komin fram þar sem efnistaka hefur verið stunduð á svæðinu í áratugi. Neikvæðustu sjónrænu áhrifin eru eðli málsins samkvæmt af þeim kosti þar sem gert er ráð fyrir að stærstu óröskuðu svæðunum verði raskað, þ.e. kosti I, en neikvæð sjónræn áhrif af hinum kostunum tveimur verða minni. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að staðið verði við þá frágangsaætlun sem kynnt er í gögnum framkvæmdaraðila.

Hvað varðar áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á aðra umhverfisþætti þá telur stofnunin að framkvæmdin komi ekki til með að hafa verulega neikvæð áhrif á jarðmyndanir, burtséð frá valkostum þar sem ekki er um að ræða jarðmyndanir sem njóta verndar. Stofnunin telur ekki ástæðu til að óttast að hætta verði á vatnsmengun af völdum olíu sem geti lekið af vinnuvélum sem notaðar verða við fyrirhugaða efnistöku. Þá telur stofnunin að fyrir liggji að unnt verði að halda hljóðstigi frá grjótmalara undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða, með viðeigandi mótvægisáðgerðum, óháð valkostum, þannig að áhrif á hljóðstig vegna mólunar verði ekki veruleg. Nokkuð gróið svæði mun raskast, einkum vegna efnistöku skv. kosti I, en friðlýstar plöntur eða plöntur á valista munu ekki raskast við fyrirhugaðar framkvæmdir. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að allir valkostir komi líklega til með að hafa neikvæð áhrif á varp stormmáfa sem eru á valista. Jafnframt telur stofnunin að aðrar fuglategundir í námunni og í grennd við hana komi til með að verða fyrir einhverri búsvæðaröskun og truflun á vinnslutíma en að ekki sé líklegt að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði veruleg.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Reykjavík, 15. maí 2014

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson